

## Hafnarvegur (Pollgata) [636]

Vegagerðin tók Hafnarveginn yfir frá Ísafjarðarbæ þegar hann varð þjóðvegur í þéttbýli. Það gerðist með nýjum vegalögum 1994/1995.

Hafnarvegur var í upphafi lagður alltof lágur. Miðlína hans nú er lægst í kóta um 2,25 í hæðarkerfi Ísafjarðar. Meðalstórstraumsflóð er í kóta 1,15. Stjarnfræðilegt flóð er í kóta 1,25. Við lágan loftþrýsting og áhlaðanda má búast við allt að 0,46 m hækkun sjávarborðs. Ölduhæð getur orðið allt að 1,26 m.

Hönnunarhæð rofvarnar ætti að vera í kóta  $\geq 2,97$  og er þá miðað er við vindhraða 28 m/s, sem sennilega er of lítil vindhraði. Hér er lagt til að rofvörnin verði sett í kóta 3,25 eða líðlega 0,28 m ofar. Þessi hæð rofvarnar mundi koma milli stöðva 60 og 440. Bent skal á að rofvörnin er nú lægst í kóta 2,35 eða eða 0,62 m undir hönnunargildi eða 0,90 m undir þeirri hæð rofvarnarinnar, sem hér er lögð til.

Mesta hæð á rofvörn yrði þá um 1,20 - 1,25 m yfir fremri kanti vegarins. Þetta gildir á 60 m kafla. Sjá meðfylgjandi snið.

Hugmyndir hafa komið fram um að búa til garð á Torfnesarifinu, allt að 200 m langan og búa til höfn fyrir smábáta (skemmtibáta) þar fyrir innan. Slíkur garður mundi draga eitthvað úr ölduhæð við Hafnarveg, einkum næst Hringtorginu en mundi vart breyta miklu þar sem vegurinn er lægstur nú.

Erfitt er hægt að meta kostnað að svo stöddu þar sem hvorki er hægt að reikna magn fyllingar- né rofvarnarefnis án frekari mælinga. Þarf bæði að þversniðsmæla á stórstraumsfjöru eða dýptarmæla á flóði. Heildarmagn yrði þó um 3.800 m<sup>3</sup> og kostnaður allt að 3.500 kr/m<sup>3</sup> eða 13,3 Mkr.

Reykjavík lokadaginn (11. maí) 2009.

### Viðbætur í mars 2012:

OJ dýptarmældi við fyllinguna seint í maí 2009 sbr. meðfylgjandi þversnið. Að öðru leyti hefur málið legið í láginni hvað hönnun varðar. Ég hef haft veður af hugmyndum um þátttöku Vg í gerð garðs sá Torfnesarifinu að því leiti sem sá garður drægi úr kostnaði við rofvarnir á Pollgötunni.

Í annan stað er rétt að hafa í huga nýja stefnu Vg um að taka mið af 0,5 m hækkun sjávarborð á næstu 50 árum þ.e. að við hönnun yrði þá miðað við 3,5 m y.s. en ekki 3,25. Hækkun hefði lítil áhrif á magn en ekki fólk í fólksbílum á Pollgötu mundi ekki sjá yfir rofvörnina og út á Pollinn.